



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga
Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.
og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga**

Selfossi, 27. júlí 2026
2607172HS SG

**Efni: Framtíð sameiginlegra verkefna sveitarfélaga og varðveisla sérþekkingar
eftir 1. janúar 2027**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fjallaði á 256. fundi sínum í dag 27. júlí um þær umfangsmiklu breytingar sem verða á verkefnum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 1. janúar 2027 og hvaða áhrif þær kunna að hafa á starfsemi, þekkingargrunn og sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna á Suðurlandi.

Með flutningi eftirlitsverkefna til ríkisins verður veruleg breyting á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þótt lögbundið eftirlit flytjist að stórum hluta frá sveitarfélögunum verða áfram fjölmörg verkefni og ákvarðanir á þeirra ábyrgð þar sem þörf er á staðbundinni þekkingu á umhverfis- og innviðamálum.

Á fundinum var eftirfarandi bókað:

Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands vekur athygli sveitarstjórna á því að með flutningi verkefna heilbrigðiseftirlits til ríkisins 1. janúar 2027 missa sveitarfélögin ekki aðeins lögbundin verkefni heldur einnig beinan aðgang að sérfræðiþekkingu sem byggst hefur upp um áratugaskeið.

Þar er meðal annars um að ræða þekkingu á staðbundnum aðstæðum, vatnsvernd, fráveitum, úrgangsmálum, mengunarvörnum, umhverfisáhrifum framkvæmda og tengslum essara þátta við skipulagsákvæðanir sveitarfélaga, ásamt ómetanlegum gagnagrunni upplýsinga á stafrænu aðgengilegu formi. Þótt formlegt eftirlit flytjist til ríkisins þurfa sveitarfélögin áfram á slíkri þekkingu að halda við skipulagsgerð, umhverfismat, framkvæmdaleyfi, rekstur innviða og gæslu hagsmuna íbúa.

Þekkingaryfirfærsla er vandasamt og tímafrekt ferli. Flutningur þekkingar til ríkisstofnana tryggir jafnframt ekki að þessi sérþekking verði áfram aðgengileg sveitarfélögunum eða nýtist við þeirra eigin ákvarðanatöku.

Nefndin telur því brýnt að nýkjörnar sveitarstjórnir taki sem fyrst afstöðu til þess hvernig þær hyggjast tryggja áframhaldandi aðgang að þessari sérfræðiþekkingu og varðveita staðbundið stofnanaminni. Jafnframt verði kannað hvort vilji sé til sameiginlegra lausna sveitarfélaganna, án þess að fyrirfram sé gengið út frá tilteknu rekstrarformi.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að senda bókunina sveitarstjórnnum á starfssvæðinu og óska eftir að málið verði tekið til formlegrar umræðu.

Í fundargögnum eru drög að hugmyndum að nýjum samþykktum sem er hægt að kynna fyrir aðildarsveitarfélögunum til að taka afstöðu til og velja fyrir sér. Kannað hefur verið einnig að sameiginlegar hunda- og kattasamþykktir eru mögulegar sem og samþykktir um meðhöndlun úrgangs ef vinnulag er eins eða



samræmanlegt milli tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Óljósara hvort fráveitusamþykkt geti verið sameiginleg.

Með vísan til bókunarinnar er þess óskað að sveitarstjórn taki málið til formlegrar umræðu sem fyrst. Sérstaklega er óskað eftir að tekin verði afstaða til þess hvort sveitarfélagið telji ástæðu til að kanna áfram sameiginlegar lausnir sveitarfélaga á Suðurlandi eftir 1. janúar 2027.

Ekki er á þessu stigi óskað eftir bindandi afstöðu til tiltekins rekstrarforms eða endanlegrar verkefnaskiptingar. Markmiðið er fyrst og fremst að kanna hvort pólitískur vilji sé til þess:

1. að varðveita þá staðbundnu sérþekkingu og það stofnanaminni sem byggst hefur upp innan Heilbrigðiseftirlits Suðurlands;
2. að tryggja sveitarfélögunum áfram aðgang að sérfræðiráðgjöf vegna skipulags, umhverfismats, vatnsverndar, fráveitu, úrgangsmála, mengunarvarna og annarra tengdra verkefna;
3. að kanna hvaða verkefni henta til sameiginlegrar framkvæmdar eftir 1. janúar 2027;
4. að meta hvort hagkvæmt sé að byggja áfram á núverandi samstarfi sveitarfélaganna, án þess að fyrirfram sé útilokað að breyta umfangi þess, hlutverki eða rekstrarformi; og
5. að hefja nauðsynlegan undirbúning tímanlega, svo unnt verði að taka upplýsta ákvörðun áður en breytingarnar taka að fullu gildi.

Meðfylgjandi gögn eru lögð fram sem umræðugrundvöllur. Þau fela ekki í sér endanlegar tillögur heldur eiga að auðvelda sveitarstjórnnum að meta mismunandi valkosti og hvaða sameiginlegu verkefni gætu verið raunhæf.

Óskað er eftir að sveitarstjórn sendi Heilbrigðisnefnd Suðurlands bókun sína eða afstöðu til málsins fyrir 15. september nk. vegna undirbúnings fyrir aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. þar sem leggja þarf fram formlegar tillögur um framtíð byggðasamlagsins. Að fengnum svörum sveitarfélaganna verður unnt að meta hvort grundvöllur sé fyrir frekari sameiginlegri vinnu og undirbúningi.

Fylgigögn:

- i. Drög að breytingu á samþykkt um byggðasamlag um mögulegt framhald samstarfs sveitarfélaga á Suðurlandi eftir 1. janúar 2027.
- ii. Drög að uppfærðri samþykkt um vatnsverndarsvæði á Suðurlandi.
- iii. Drög að samþykkt um umgengni og þrífnað á lóðum og lendum.
- iv. Glærur Umhverfis- og orkustofnunar með yfirliti yfir verkefni sveitarfélaga eftir 1. janúar 2027.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

